


GILDANDI DEILISKIPULAG




BREYTT DEILISKIPULAG

0 20 40 60 80 100

1:1000




HLUTI AÐALSKIPULAGS NORÐURÞINGS 2010-2030
KÓPASKER

SKÝRINGAR

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- LÓÐARMÖRK
- BYGGINGARREITIR

A = KERJAPALLUR/FISKELDISKER, ELDISHÚS
A1 = KERJAPALLUR/FISKELDISKER, ELDISHÚS OG ÞJÓNUSTUHÚS
B = ÞJÓNUSTUHÚS
C = FÓÐURSÍLÓ
D = SEYRUTANKAR

- NÝTINGARLAND VATNSTÖKU
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- ÞJÓNUSTUVEGUR / BÍLASTÆÐI
- FJARLÆGÐARTAKMÖRK
- ÚTIVISTARSTÍGUR
- HITAVEITULÖGN
- FRÁVEITA
- SVÆÐI Á NÁTTÚRUVERNDARSKRÁ
- SVÆÐI UNDIR HVERFISVERND
- 31.736 m2 LÓÐARSTÆRÐ
- ® ROTÞRÓ

UNNIÐ FYIRIR: FISKELDI AUSTFJARÐA HF

ICE FISH FARM

# Röndin - fiskeldisstöð á Kópaskeri

**Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:**

- Byggingarreitur A1 (Kerjapallur/fiskeldisker, eldishús og þjónustubygging) er 191x40m að stærð. Sú breyting er gerð að byggingarreiturinn breikkar um 2m í hvora átt og verður því 44m að breidd en lengd hans verður óbreytt.

  Skilmálar sem gilda innan byggingarreits verða óbreyttir.

**Tengsl við aðrar áætlanir**

Breyting á deiliskipulagi er í samræmi við Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030 og fellur að þeim markmiðum sem sett eru fram í aðalskipulaginu.

Þá er uppbygging skv. breytingu á deiliskipulagi í samræmi við gildandi starfsleyfi sem nær til ársloka 2027.

**Umhverfisáhrif**

Ekki er talið að breyting hafi verulega umhverfisáhrif þar sem aðeins er verið að breikka byggingarreit lítilsháttar en skilmálar eru óbreyttir.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 02.04 2020, m. s. br.

**Gildandi skilmálar:**

***A1 - Kerjapallur/fiskeldisker, eldishús og þjónustubygging***

Vegghæð kerja frá botni skal að hámarki vera 8,0 m og skal botn kerja frá óhreyfðu landi vera að hámarki 1,0 m.

Heimilt er að byggja tvö skýli eða hús fyrir öll ker innan byggingarreits, eitt skýli eða hús fyrir hvorn kerjapall. Vegghæð skýla eða húsa má vera allt að 9,5 m, þau skulu vera með mænisþaki og mænishæð að hámarki 12,5 m frá botni kerja. Þá er heimilt að byggja þjónustuhús innan byggingarreitsins sem er annaðhvort stakstætt á milli eldishúsa eða sambyggt öðru eldishúsinu. Hámarksstærð þjónustuhúss er 800 m2 og ef það er stakstætt er hámarks mænishæð 8,5 m og hámarks vegghæð 5,5 m, en ef þjónustuhús er sambyggt húsi yfir ker er hámarks mænishæð 12,5 m og hámarks vegghæð 9,5 m.

Mænisstefna skal vera sú sama á öllum skýlum eða húsum innan byggingarreita A og A1.

Þak- og veggfletir skulu vera í brúnum, gráum, grænum eða öðrum náttúrulegum tónum. Þá skal við hönnun skýla eða húsa yfir fiskeldisker tekið mið af umhverfinu til að mannvirki falli sem best að landslagi.

Staðsetning mannvirkja innan byggingarreits er frjáls.

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLSMEÐFERÐ SKV. 2. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN

ÞANN 24.08.23

Norðurþing

Katrín Sigurjónsdóttir

SVEITARSTJÓRI NORÐURÞINGS

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI ÖÐLAÐIST GILDI MEÐ AUGLÝSINGU Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN ______

## NORÐURÞING - KÓPASKER
## RÖNDIN FISKELDISSTÖÐ - DEILISKIPULAG
## BREYTING Á DEILISKIPULAGI

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A2: | 1:1000 | TEIKN NR: | |
| DAGS: | 30.06.2023 | HANNAÐ: | ÓÍ |
| FLOKKUR: | 6100 | TEIKNAÐ: | ÓÍ/IÍ |
| SKRÁ: | | VERKNR: | 19005 |

LANDSLAG EHF
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 11, 101 REYKJAVÍK, SÍMI: 5355300, FAX: 5355301
VEFFANG: WWW.LANDSLAG.IS / NETFANG: LANDSLAG@LANDSLAG.IS